

Nr. 292

1. mars 2019

## AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Rotþróargjald skal vera kr. 11.000 sem er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 33.000. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 33.000.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 27. nóvember 2018, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

*Kjósarhreppi, 1. mars 2019.*

**Karl M. Kristjánsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2019